

**Peter Máté** er af ungversku bergi brotinn en hann var fæddur í Roznava í Tékkóslóvakíu. Hann stundaði píanónám frá ungum aldi en lauk einleikara- og kennarameistaragráðu úr Tónlistarakademíunni í Prag. Á námsárum sínum vann hann til margra verðlauna í heimalandi sínu og síðar í alþjóðlegum keppnum, svo sem í Vercelli og Enna á Ítalíu 1986 og 1989.

Peter hefur búið á Íslandi frá árinu 1990 og kennir nú við Listaháskóla Íslands og Tónlistarskólann í Reykjavík. Hann hefur haldið einleikstónleika, leikið einleik með ýmsum sinfóníuhljómsveitum og tekið þátt í kammertónleikum, t.d. með Tríói Reykjavíkur og Kammertríói Kópavogs víða í Evrópu og Bandaríkjunum. Í febrúar 2012 frumflutti Peter píanókonsert Jóns Ásgeirssonar á Akureyri ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

**Peter Máté** was born in Roznava in the former Czechoslovakia. He studied with Ludmila Kojanová in Kosice and Valentina Kameníková at the Prague Academy of Music, AMU. As a student he won prizes both in his home country and at international contests, such as Vercelli and Enna in Italy in 1986 and 1989.

Peter has lived in Iceland since 1990. He teaches at the Reykjavík College of Music and the Iceland Academy of the Arts, where he is the head of the Piano department. He has given solo recitals, played solo with various symphony orchestras, and taken part in chamber concerts far and wide in Europe and the United States. Peter is a member of the Reykjavík Piano Trio and the Kópavogur Flute Trio. He frequently gives master classes and he has been a jury member in various competitions.

# Peter Máté

## píanóleikari



Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana  
The Museum café is open after the concert

Sumartónleikar Listasafns Sigurjóns Ólafssonar  
þriðjudaginn 16. júlí 2013 kl. 20:30

Sergei Rachmaninoff var meistari stuttra karakterverka fyrir píanó, hvort sem rætt er um *Études-tableaux*, *Moments musicaux* eða *Prelúdíurnar*. Ótrúlegt hugmyndaflug og fjölbreytni er í þessum litlu verkum, gimsteinum píanóbókmenntanna. Það er líkt því að ganga um sali myndlistasafns og virða fyrir sér litrík síðrómantísk málverkin.

*Liebesträume - Ástardraumar* eru þrjú næturljóð sem upphaflega voru samin sem sönglög. Textinn er eftir þýzku ljóðskáldin, Ludwig Uhland og Ferdinand Freiligrath, og skrifaði Liszt texta ljóðanna inn í píanóútsetninguna. Reynir Axelsson þýddi ljóðin á íslensku og færí ég honum bestu þakkir fyrir.

Franz Liszt var mjög trúhneigður maður. Hann hlaut prestvígslu á síðari árum og eru mörg verk hans tengd trúnni. Tvö helgiljóð (legende) um heilagan Frans frá Paola eru meðal hans þekktustu trúarlegu píanóverka. Síðara ljóðið, sem hér er leikið, lýsir heilögum Frans er hann gengur á vatni yfir Messinasund milli Sikileyjar og ítalska meginlandsins. Verkið er tilbrigði við eitt andante - stef.

Þorkell Sigurbjörnsson samdi *Hans tilbrigði* árið 1979 og tileink-aði sáنسka píanóleikaranum Hans Pålsson. Aðalstef verksins er íslenska þjóðlagið *Kóngurinn ræddi við riddarann Stíg*. Við hvert hinna 14 tilbrigða notar tónskáldið lítið brot úr ljóðinu, líkt því að þau væru líkamspartar riddarans sem var höggvinn í spað í stríðinu. Ég flyt verkið hér til að heiðra minningu Þorkels, eins merkasta tónskálds Íslendinga, en hann lést 30. janúar síðastliðinn.

Sónatan *Das Lebewohl*, sem er betur þekkt undir frönsku nafni *Les Adieux*, er eitt af fáum verkum Beethovens þar sem tón-skáldið gefur upp viðfang tónverksins. Undir fyrstu þremur nótum í upphafi verksins stendur „Lebe wohl“ (Vertu sæll), en kaflarnir þrír heita *Vertu sæll - Fjarvera - Endurkoma*. Tónverkið er tileink-að erkhertoganum Rudolph, vini og verndara Beethovens og var samið þegar Rudolph flúði Vínarborg undan herdeildum Napoleons á árunum 1809 – 1810.

Peter Máté

*Forleikir, ástardraumar, tilbrigði og kveðja*

Sergei Rachmaninoff  
1873 – 1943

*Prelúdía í gís moll* óp. 32 nr. 12  
*Prelúdía í B dúr* óp. 23 nr. 2

Franz Liszt  
1811 – 1886

*Liebesträume*  
*Legende nr. 2*

Þorkell Sigurbjörnsson  
1938 – 2013

Ludwig van Beethoven  
1770 – 1827

*Les Adieux*, sónata óp. 81a  
i Das Lebewohl  
adagio - allegro  
ii Abwesenheit  
andante espressivo  
iii Das Wiedersehen  
vivacissimamente

## Prologues, Love Dreams, Variations and Farewell

Rachmaninoff was a master in composing short character pieces for piano, for example *Études-tableaux*, *Moments Musicaux* or *Préludes*. These little works are inexhaustible in ideas and diversity, gems in the piano literature. One feels as if one is entering an art gallery and observing the colorful post-romantic paintings.

*Liebesträume* (*Dreams of Love*) are three nocturnes originally written as songs. The texts are by two German poets Ludwig Uhland and Ferdinand Freiligrath and Liszt wrote the text of the poems also in the piano arrangements. Icelandic translations are by Reynir Axelsson and my sincere thanks go to him.

Liszt was a very religious man who was also ordained as a priest towards the end of his life. Many of his works are associated with faith. The two legends of Saint Francis of Paola are among the best known ones for the piano. Legend number two, performed here, describes St. Francis walking on water across the sea of the Messina Channel between Sicily and the Italian mainland. The piece is a variation on a "andante-walking" theme.

*Hans Variations* by Þorkell (Thorkell) Sigurbjörnsson, written in 1979, were dedicated to the Swedish pianist Hans Pålsson. The theme is an Icelandic folk song about a knight. For each of the 14 variations, the composer uses small fragments of the song as if they were parts of the knight's body which was chopped to pieces in the war. With this performance of the *Hans Variations* I want to honor the memory of Þorkell Sigurbjörnsson, one of Iceland's most important composers.

Sonata *Das Lebewohl*, or better known by its French name, *Les Adieux* is one of the few works of Beethoven where the composer gives a certain program or rather some sort of motto. Under the first three notes at the beginning of the piece is written "Lebe Wohl" (Farewell) and the three movements are called *Farewell - Absence - Return*. The sonata is dedicated to the Archduke Rudolph, Beethoven's friend and patron, and composed when Rudolph fled Vienna before Napoleon's army arrived in the years 1809 -10.

Peter Máté